

HRINGBORG



Hvað er Hringborg?

Hringborg er menninga-og menntasetur sem er sett upp sem úti-safn innan hringvirkis. Þar verða hús frá víkingaöld frá norrænu löndunum svo sem danskt langhús, norsk stafakirkja og íslenskur torfbær auk tjalda, eldsmiðju ofl.

Hringborgir eru virki frá víkingaöld sem voru lítil þorp innan hring-laga virkisveggja. Þar gátu herir fengið griðarstað á stríðstímum en einnig bjó þar fólk allt árið um kring.

Hvað gerir Hringborg?

Hringborg verður opin allt árið um kring og þar verður boðið upp á ýmis konar námskeið auk fyrirlestra, hátíða og margt fleira. Daglega verður handverk og önnur dagskrá fyrir gesti og gangandi, hvort sem um er að ræða heima-eða ferðamenn.

Í Hringborg verða námskeið miðuð á skólastarf frá fyrsta bekk upp í lok menntaskóla. Þar verður aðstaða til að kenna námsefni í sögulegu umhverfi auk frístundarstarfs á sumrin og námskeið sem gilda til eininga á menntaskólastigi. Einnig verður aðstaða til rannsókna fræðimanna á efni tengdu daglegu lífi á Íslandi á Víkingaöld.





Hvaðan kemur Hringborg?

Fyrirmynd Hringborgar er að mikli leiti Danska víkingasetrið í Ribe, en þar hefur sambærileg stafsemi verið stunduð frá snemma á tíunda áratugi síðustu aldar og var byggt eingöngu með styrkjum frá sínu heimalandi og Evrópusambandinu.

Þar er sérstök áhersla lögð á að vinna með ungmennum sem hafa orðið utanveltu við almennt námsefni og/eða félagslega einangruð. Áætlað er að Hringborg feti í þau fótspor og viljum við vera í samstarfi við námsráðgjafa skóla, Barna-og unglingadeild Landspítalans (BUGL) o.fl.

Áhersla verður lögð á alþjóðlegt menningarsamstarf og samvinnu með sambærilegum stöðum erlendis auk samstarfs með hópum eins og skátunum.

Hverjir standa að Hringborg?

Theódór Hansson, *miðaldafræðingur og leiðsögumaður.*

Beth Rogers, *stundakennari í miðaldafræði við Háskóla Íslands.*

Helga Rós Helgadóttir, *ferðamálafræðingur.*

Jökull Tandri Ámundason og Haukur Hallsteinsson, *skipuleggjendur Víkingahátíðarinnar í Hafnarfirði.*

Meðal stuðningsaðila okkar má nefna víkingafélögin *Rimmugýgur í Hafnarfirði*, *Glæsir* og *Hringhorni* auk víkingamiðstöðvanna *Ribe* og *Moesgård* í Danmörku.

HRINGBORG



Skjalskott at 0000000000 days 15.03.2020

Skjalstofa 1000000000 dags: 15.03.2026


Hvernig verður staðið að fjármögnun?

Það sem okkur vantar er fyrst og fremst land til að byggja setrið á. Við þurfum um 1,5-2 hektara innan höfuðborgarsvæðisins sem er aðgengilegt fyrir heima-og ferðamenn og með almenningssamgöngur í göngufæri.

Hringborg verður fjármögnuð með styrkjum, bæði innlendum og þá sérstaklega erlendum t.d. frá Evrópusambandinu. Auk þess verður notuð hópfiármögnun (e. crowd funding) o.fl. við einstaka verkefni. Það mun kosta um 7 milljónir að kaupa öll þau tjöld, búnað, búninga og verkfæri sem þarf auk vinnuskúra fyrir kaffis-tofu starfsmanna, miðasölu og verkfærageymslu. Við þetta leggst svo kostnaður við bílastæði, skólp, vatn og rafmagn en þann kostnað er ómögulegt að reikna áður en landið er komið. Byggingar verða smíðaðar á gamla mátann úr “byggingarefni” þess tíma og því er kostnaður vegna framkvæmda ekki hár.

Ef litið er á aðsókn á Þjóðminjasafn Íslands, Árbæjarsafn og Víkingahátíð Hafnarfjarðar sést að hér er tækifæri til uppbyggingar reksturs sem laðar að ferðamenn, heimamenn, börn, unglunga og fullorðna og sem bendir til að verkefnið ætti fljótlega að fara að standa undir sjálfu sér og bjóða upp á bolmagn til frekari verkefna.





-

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

